

Annáll haust 2025

Ég ætla hér að greina frá því helsta sem gerðist á þessari önn en slíkt er venja við útskrift.

Fyrsti kennsludagur annarinnar var 19. ágúst en skólastarfið hófst tveimur dögum fyrr þegar nýnemar voru boðaðir á svokallaðan nýnemadag. Tilgangurinn með deginum er fyrst og fremst að gera þessum yngstu nemendum okkar auðveldara að takast á við nám í nýjum skóla.

Nemendur í dagskóla voru um 1050 en nýnemar voru 315 og er það stærsti nýnemahópur frá upphafi. Þá voru um 160 nemendur í síðdegisnámi og grunnskólanemendur um 140. Heildarfjöldi nemenda var því um 1350.

Það eru alltaf einhverjar breytingar á starfsmannahópnum og í haust hófu fimm nýir kennarar störf við skólann og fjórir aðrir starfsmenn. Ný staða tólstundafulltrúa var tekin upp í haust en hann starfar með stjórn nemendafélagsins við allt sem snýr að félagslífi nemenda og reyndar margt fleira. Elínborg Ingvarsdóttir var ráðin til starfans en þess má geta að hún er einmitt fyrrverandi nemandi skólans.

Í haust hófst nám í fóttaðgerðafræði sem skólinn yfirtók samkvæmt samkomulagi við Keili en áður hafði nám í tölvuleikjagerð og einka- og styrktarþjálfun færst hingað.

Fyrstu viku annarinnar stóð nemendafélagið NFS fyrir nýnemaviku en þá voru nýnemar boðnir velkomnir í skólann. Boðið var upp á fjölbreyttar uppákomur á hverjum degi, þar á meðal skemmtikvöld, kappát á sal, matarvagn o.fl. Vikan var svo sannarlega skemmtileg og vonandi að nýnemum finnist vel tekið á móti þeim.

Í lok ágúst var kynningarfundur fyrir foreldra nýnema haldinn á sal skólans. Foreldrum nýnema var boðið á fundinn þar sem skólinn var kynntur og sýnt hvernig foreldrar geta fylgst með námi barna sinna í skólakerfinu Innu. Stjórn nemendafélagsins NFS kynnti starfsemi félagsins og ný stjórn Foreldrafélags var kosin.

Miðvikudaginn 10. september fengum við heimsókn frá Píeta samtökunum en Gulur september er einmitt helgaður sjálfsvígsforvörnum. Samtökin heimsækja alla framhaldsskóla landsins í mánuðinum og svo vildi til að heimsóknin til okkar var einmitt á Gula deginum, 10. september.

Síðustu viku september var Evrópska íþróttavikan og var ýmislegt gert í tilefni hennar. Nemendafélagið bauð upp á íþróttir í hádeginu og nemendur og kennarar skelltu sér svo saman út á göngubrautina í kringum fótboltavöllinn og löbbuðu nokkra hringi. Að göngunni lokinni mætti trúbador á sal og tók nokkur lög.

Samstarfsfundur starfsfólks framhaldsskólanna á Suðurnesjum, Vesturlandi og Suðurlandi var haldinn hér í FS mánudaginn 29. september. Þessir skólar hafa lengi unnið saman að ýmsum málum eins og námsframboði og skipulagi náms. Allt starfsfólk skólanna hittist síðan á tveggja til þriggja ára fresti og ber saman bækur sínar og að þessu sinni var komið að okkur að halda fundinn.

Guðmundur Ingi Kristinsson mennta- og barnamálaráðherra heimsótti skólann fimmtudaginn 9. október ásamt fríðu föruneysi ráðuneytisfólks. Ráðherra var að heimsækja alla framhaldsskóla landsins til að kynna fyrirhugaðar breytingar á skipulagi framhaldsskólanna. Gestirnir byrjuðu á því að skoða skólann í fylgd skólastjórnenda en héldu síðan fund með starfsfólki. Þar voru hugmyndirnar um nýtt stjórnsýslustig fyrir framhaldsskóla kynntar og gafst starfsfólki einnig tækifæri til að spyrja út í þær.

Föstudaginn, 24. október var boðað til kvennaverkfalls og studdi skólinn það og hvatti konur og kvár til sýna samstöðu og taka þátt í skipulagðri dagskrá.

Í lok október var rýmingaræfing en þá voru brunabjöllur settar í gang og skólinn rýmdur með hraði. Markmiðið var að tryggja að allir þekki rýmingarleiðir og verklag vegna rýmingar og til að kanna hve langan tíma tekru að rýma skólahúsnæðið.

Fimmtudaginn 13. nóvember var haldið upp á Dag gegn einelti og Dag umburðarlyndis í skólanum. Í kennslustund rétt fyrir hádegi ræddu kennarar og nemendur um jákvæð samskipti og umburðarlyndi. Nemendur skrifuðu svo alls konar jákvæð skilaboð á límmiða sem voru hengdir á kærleikstré sem búið var að gróðursetja á sal. Í hádeginu var svo stutt dagskrá á sal þar sem nokkrir nemendur fluttu hugleiðingar um vináttu og umburðarlyndi.

Fjölbrautaskóli Suðurnesja hlaut viðurkenningu Jafnvægisvogarinnar, hreyfiaflsverkefni Félags kvenna í atvinnulífinu, fyrir árið 2025. Að þessu sinni hlutu 90 fyrirtæki, 16 sveitarfélög og 22 opinberir aðilar þessa viðurkenningu.

Bleiki dagurinn var miðvikudaginn 22. október en í ár var áhersla á að það er list að lifa með krabbameini. Nemendafélagið og starfsmannafélagið tóku sig saman um að halda upp á þennan mikilvæga dag. Fólk var hvatt til að mæta í bleiku og tóku fjölmargir þeirri áskorun.

Stjórn og nefndir nemendafélagsins NFS héldu uppi öflugum starfi á önninni. Reglulega var boðið upp á þemavikur og skemmtikvöld og aðrar uppákomur að ógleymdum dansleikjum. Undir lok annarinnar kom út nýtt tölublað af skólablaðinu Vizkustykki sem var skemmtilegt og glæsilegt að vanda. Eftir áramót hefst svo spurningakeppnin Gettu betur og Morfís, mælsku- og rökræðukeppni framhaldsskóla, og við eigum ekki von á öðru en að starf nemendafélagsins verði áfram öflugt.

Nemendur og kennarar tóku sér auðvitað ýmislegt fleira fyrir hendur á önninni.

Allir nemendur á 1. ári taka áfanga í lýðheilsu. Þessi hópur tók þátt í forvarnadegi ungra ökumanna við 88 húsið og eru vonandi vel undirbúnir að fara út í umferðina sem ökumenn. Pálmar Örn Guðmundsson trúbador og fyrrum nemandi okkar kom einnig og söng nokkur lög og ræddi við nemendur. Hann hvatti þau til að takast á við áskoranir og láta eigin áhuga og hjartað ráða þegar þú stendur frammi fyrir valkostum um framtíð þína.

Nemendur á afreksíþróttalínu stunda æfingar í sinni íþrótt samhliða námi og fá einnig fræðslu varðandi ýmislegt er viðkemur íþróttum og heilsu. Þar fluttu handknattleiksmaðurinn Patrekur Jóhannesson og Dr. Georgios Bountakis, yfirþjálfari hjá Júðófélagi Reykjanesbæjar, erindi um hvað þarf til þess að vera afreksmaður í íþróttum, aga, einbeitingu o.fl. Sigrún Haraldsdóttir frá Happy Hips var með verklega tíma og fyrirlestur um bandvefslosun, æfingabolta og æfingarúllur.

Á starfsbraut fóru nemendur á lokaári í starfsnámi í heimsóknir til nokkurra fyrirtækja. Það voru Hótel Keflavík, Blue Car Rental, Brunavarnir Suðurnesja og The Manicure Company en það er skóli og heildsala í snyrtifræði. Markmið þessara heimsókna var að vekja áhuga nemenda á ólíkum störfum og vinnustöðum og möguleikum þeirra til framtíðastarfa.

Nemendur í myndlist sýndu verk sín reglulega í rýmum á 2. hæð, fóru á sýningu á Kjarvalsstöðum, heimsóttu Listasafn Reykjanesbæjar, skoðuðu útilistaverk í Reykjanesbæ, kynntu sér aðalsafn Bókasafns Reykjanesbæjar og Rokksafn Íslands og heimsóttu Byggðasafn Reykjanesbæjar.

Nemendur í tölvuleikjagerð stunda nám í ljósmyndaáfangi og þeir sýndu verk sín í Gallerí Skúmaskot á 2. hæð skólans.

Nemendur í vélstjórn heimsóttu Linde Gas í Vogum og Vélsmiðju Orms og Víglundar í Garðabæ og skoðuðu eitt af nýju skipum Eimskips, MV Brúarfoss.

Nemendur í fatasaumsáföngum heimsóttu Systur og maka en það er verslun með íslenska hönnun og framleiðslu í formi fatnaðar, skarts, heimilisvöru og gjafavöru.

Nemendur í háriðnum fóru á útskriftasýningu Tækniskólans sem var haldin í Ráðhúsi Reykjavíkur og voru módel á sýningunni. Þá kom nemandi héðan sem hefur nýlokið sveinsprófi og var með með sýnikennslu í hárlitun auk þess að spjalla við nemendur um námið og starfið.

Skólinn tekur þátt í fjölbreyttu erlendu samstarfi og hefur það aukist jafnt og þétt undanfarin ár.

Gestkvæmt var hjá okkur í haust en til okkar komu kennarahópar frá Finnlandi, Litháen, Þýskalandi og Spáni. Allir þessir kennarar heimsóttu mismunandi deildir innan skólans og lærðu af starfsfólkinu okkar. Enn fleiri slíkar heimsóknir eru á dagskrá á vorönn.

Tveir nemendahópar fóru utan ásamt kennurum. Þýskunemendur fóru með kennara til Berlínar til að heimsækja framhaldsskóla og kynnast nemendalífinu þar. Nordplus verkefni sem hófst í fyrra hélt áfram og fóru nemendur af tölvubrautum til Danmerkur ásamt kennara sínum þar sem þeir tóku þátt í vinnustofum með nemendum af ýmsum þjóðernum. Mikil gróska er í erlendu samstarfi og möguleikum sífelld að fjölga, bæði fyrir nemendur og starfsfólk.

Á hverri önn fær skólinn góðar gjafir frá velunnurum okkar en slíkar gjafir skipta miklu máli fyrir skólann og það starf sem hér fer fram.

Rafmennt, fræðslusetur rafiðnaðarins, gaf nemendum á 1. ári í rafiðnum vandaðar vinnubuxur sem eiga örugglega eftir að nýtast vel í námi og starfi.

Minningarsjóði Gísla Torfasonar barst framlag upp á 150.000 kr. Þegar Íris Jónsdóttir myndlistarkennari bauð upp málverk á málverkasýningu sinni á Ljósanótt. Hæsta tilboð í verkið átti Björn Stefánsson og rann kaupverðið óskipt í minningarsjóðinn sem hefur árlega styrkt fjárhagslega illa stadda nemendur til kaupa á námsbókum.

Slysavarnadeildin Dagbjörg gaf nemendum í gönguhópi á starfsbraut endurskinsmerki til að nota í gönguferðum hópsins um bæinn.

Auk hefðbundinnar kennslu fer margvíslegt innra starf fram í skólanum.

Sigurður Fjalar Jónsson og Hjörvar Ingi Haraldsson héldu erindi fyrir kennara um gervigreind og nýtingu hennar í skólastarfi.

Ný stokkatafla tók gildi á önninni. Kennsludagurinn var lengdur um eina kennslustund, matartími er seinna en áður og fundartími sem var á miðvikudögum færðist á fimmtudaga. Þessar breytingar voru einkum gerðar vegna fjölgunar nemenda og plássleysis en lengja þurfti kennsludaginn til að koma öllum hópum fyrir í stundatöflu.

Dimissio fór fram á sal föstudaginn 28. nóvember en þá bjóða væntanlegir útskriftarnemendur upp á dagskrá á sal. Hópurinn var að þessu sinni klæddur í kokkabúninga og til að halda upp á Svartan föstudag voru allir svartklæddir! Hópurinn sprellaði aðeins í morgunsárið og síðan var boðið upp á glæsilegan morgunmat í mötuneytinu. Síðan var komið að dagskrá á sal þar sem hópurinn veitti kennurum og starfsfólki viðurkenningar fyrir vel unnin störf og ýmislegt fleira. Þar voru krýnd gullmoli skólans, krúttið, yapperinn, ípróttafríkið og margir fleiri.

Kæru útskriftarnemendur, ég vil nota tækifærið og óska ykkur hjartanlega til hamingju með útskriftina ykkar. Starfsfólki skólans þakka ég samstarfið á önninni og óska ykkur öllum gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári.

Guðlaug Pálsdóttir,
aðstoðarskólameistari